Reykjavík, 21. ágúst 2020
Fundargerð 202. fundar

Tilvísun: 2001005

Föstudaginn 21. ágúst var haldinn 202. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. en hún er jafnframt framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 09:30.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Undir liðum 1 til 5, verkefnum á grundvelli almannavarna, sátu fundinn Þóra K. Ásgeirsdóttir deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjóri og Ásgeir Þór Ásgeirsson, yfirlögregluþjónn.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.
Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Síðustu tölur

Farið stutt yfir tölfræði síðustu daga. 117 manns eru í einangrun og 439 í sóttkví. Af þeim eru um 85-90% á höfuðborgarsvæðinu. Smituðum hefur því fjölgað milli vikna um 43 einstaklinga.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Auglýsing heilbrigðisráðherra, minnisblað sóttvarnalæknis

Farið yfir minnisblað sótvarnalæknis og reglugerð heilbrigðisráðherra um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Ísands vegna Covid-19 nr. 800/2020.

- Reglugerð nr. 800/2020 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19, dags. 18. ágúst 2020.
- Minnisblað sóttvarnalæknis til heilbrigðisráðherra (14 daga sóttkví), dags. 16. ágúst 2020.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Ráðstafanir neyðarstjórna og sveitarfélaga

Neyðarstjórnir hafa fundað reglulega. Samstarf sveitarfélaganna og AHS hefur verið mikið á ýmsum sviðum og samráðshópar í gangi vegna ýmissa málefna, s.s. skólamála, velferðarmála, upplýsingamála, íþrótta- og menningarmála. Verið er að vinna í að gera nýjar leiðbeiningar og uppfæra aðrar. Auk þessa hafa fulltrúar AHS og sveitarfélagana verið í samráðshópum með almannavörnum ríkisins og viðkomandi ráðuneyta.

Afgreiðsla: Kynning.

4. Ráðstafanir LRH

Halla Bergþóra lögreglustjóri og Ásgeir Þór yfirlögregluþjónn fór yfir ráðstafanir og verkefni LRH, bæði hvað varðar innra starf LRH og verkefni úti í samfélaginu. Meðal annars um eftirlit með því að sóttvarnareglur séu uppfylltar, t.d. á veitingarstöðum og sundlaugum.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Ráðstafanir SHS

Slökkviliðsstjóri fór yfir ráðstafanir og verkefni SHS. Þrjár tímabundnar starfsstöðvar eru í gangi til að skipta sjúkraflutningamönnum upp í sóttvarnahópa. Covid flutningum hefur fækkað frá byrjun ágúst, en hafa verið fjórir til sex á sólarhring, síðustu sólarhringa. Alls er SHS búið að sinna um 205 Covid flutninga frá og með 15. júní.

Afgreiðsla: Kynning.

6. Endurskoðun brunavarnaáætlunar

Slökkviliðsstjóri fór yfir samskipti við HMS vegna árlegar endurskoðunar á brunavarnaráætlunar samkvæmt endurskoðunarákvæði áætlunarinnar og rannsóknar á brunanum við Bræðraborgarstíg 1. HMS reiknar með niðurstöðum eftir 1 til 2 mánuði og mun þá koma í ljós hvort núverandi mönnun sé ásættanleg eða ábending um fjölgun starfsmanna á vakt og/eða í forvarnasviði.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf HMS. Brunavarnaáætlun fyrir höfuðborgarsvæðið, dags. 17. ágúst 2020
- Bréf HMS. Rannsókn HMS á bruna að Bræðraborgarstíg 1, dags. 17. ágúst 2020.
- Spurningar HMS til slökkviliðsmanna vegna rannsóknar HMS á brunanum við Bræðraborgarstig 1, dags. 17. ágúst.

Afgreiðsla: Kynning.

7. Tillögur um meginforsendur fimm ára fjárhagsáætlunar

Slökkviliðsstjóri fór yfir meginforsendur fimm ára fjárhagsáætlunar. Sérstaklega var farið yfir magnbreytingar vegna styttingu vinnuvikunnar hjá vaktavinnufólki sem munu hafa veruleg áhrif á mönnunarþörf liðsins.

Eftirfarandi lagt fram:

- Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Undirbúningur, vinnsla og skil fjárhagsáætlunar 2021 og fimm ára áætlun 2021-2025, dags. 27. júlí 2020
- Til borgarráðs. Forsendur fjárhagsáætlunar 2021 og fimm ára áætlunar 2021-2025, dags. 21. júlí.
- Forsendur fjárhagsáætlunar byggðasamlags bs., dags. ágúst 2020.

Afgreiðsla: Slökkviliðsstjóra falið að koma á tengingu við mannauðsstjóra sveitarfélagana sem hafa verið að vinna á vettvangi SSH og Sambands íslenskrar sveitarfélaga um nánari forsendur og útfærslur á styttingu vinnuvikurnar. Tryggja þarf að mannauðsstjóri SHS komi inn í þetta samráð.

8. 6 mánaða uppgjör

Slökkviliðsstjóri fór yfir 6 mánaða uppgjör sem er kannað af endurskoðenda SHS.

Eftirfarandi lagt fram:

- SHS. Samstæðuárshlutareikningur, dags. 30. júní 2020.
- Könnunarskýrsla vegna 6 mánaða árshlutauppgjörs 2020. Grant Thornton, dags. 21. ágúst 2020.
- Minnisblað. Árshlutauppgjör 30.06.2020 og útkomuspá fyrir 2020. Jón Viðar Matthíasson, dags. 19. ágúst 2020.

Afgreiðsla: Reikningurinn samþykktur og verður sendur út til undirritunar. Slökkviliðsstjóra falið að rýna með endurskoðanda launaþróun frá árinu 2019 til 2020 samkvæmt kjarasamning LSS, sem undirritaður var í maí sl. ásamt því að taka saman upplýsingar um kostnað vegna Covid-19 fyrstu sex mánuði ársins.

9. Ákvörðun um dagsetningu aðalfundar

Ákveða þarf dagsetningu vegna aðalfundar.

Afgreiðsla: Verður sameiginlegur á grundvelli SSH og ákvörðun um dagsetningu tekin af stjórn SSH.

10. Samkomulag um framlengingu á samningi vegna sjúkraflutninga

Slökkviliðsstjóri fór samkomulag um framlengingu á samningi vegna sjúkraflutninga.

Eftirfarandi lagt fram:

- Samkomulag um framlengingu á samningi, dags. 2. júlí 2020.

Afgreiðsla: Kynning.

11. Önnur mál

Slökkviliðsstjóri tók þátt í samráðsfundi sem haldin var á vegum heilbrigðisráðherra, „Að lifa með veirunni“ í gær, þann 20. ágúst 2020.

Fundi slitið klukkan 10:30.

Næsti fundur verður föstudaginn 28. ágúst.

Fylgiskjöl:
AHS:

- Reglugerð nr. 800/2020 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19, dags. 18. ágúst 2020.
- Minnisblað sóttvarnalæknis til heilbrigðisráðherra (14 daga sóttkví), dags. 16. ágúst 2020.

SHS:

- Bréf HMS. Brunavarnaáætlun fyrir höfuðborgarsvæðið, dags. 17. ágúst 2020
- Bréf HMS. Rannsókn HMS á bruna að Bræðraborgarstíg 1, dags. 17. ágúst 2020.
- Spurningar HMS til slökkviliðsmanna vegna rannsóknar HMS á brunanum við Bræðraborgarstig 1, dags. 17. ágúst.
- Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Undirbúningur, vinnsla og skil fjárhagsáætlunar 2021 og fimm ára áætlun 2021-2025, dags. 27. júlí 2020
- Til borgarráðs. Forsendur fjárhagsáætlunar 2021 og fimm ára áætlunar 2021-2025, dags. 21. júlí.
- Forsendur fjárhagsáætlunar byggðasamlags bs., dags. ágúst 2020.
- SHS. Samstæðuárshlutareikningur, dags. 30. júní 2020.
- Könnunarskýrsla vegna 6 mánaða árshlutauppgjörs 2020. Grant Thornton, dags. 21. ágúst 2020.
- Minnisblað. Árshlutauppgjör 30.06.2020 og útkomuspá fyrir 2020. Jón Viðar Matthíasson, dags. 19. ágúst 2020.
- Samkomulag um framlengingu á samningi, dags. 2. júlí 2020.

Dagur B. Eggertsson

Rósa Guðbjartsdóttir

Gunnar Einarsson

Ásgerður Halldórsdóttir

Haraldur Sverrisson